

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:		86.000		
1602.1001 Blönduð matv. meira en 60% af kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	112
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.01 - 30.06.02	-	0	112
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.01 - 30.06.02	-	0	156
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.01 - 30.06.02	-	0	156
1602.2019 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.01 - 30.06.02	-	0	156
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.01 - 30.06.02	-	0	78
1602.2029 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnnum meira en 60%	01.07.01 - 30.06.02	-	0	272
1602.3102 Úr kalkúnnum meira en 20% til og með 60%	01.07.01 - 30.06.02	-	0	272
1602.3109 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.01 - 30.06.02	-	0	272
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.01 - 30.06.02	-	0	272
1602.3209 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.01 - 30.06.02	-	0	272
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.01 - 30.06.02	-	0	272
1602.3909 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	115
1602.4101 Úr svínnum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.01 - 30.06.02	-	0	700
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	343
1602.4109 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.01 - 30.06.02	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	247
1602.4209 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.01 - 30.06.02	-	0	511
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	307
1602.4909 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.01 - 30.06.02	-	0	486
1602.5002 Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	304
1602.5009 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	102
1602.9011 Úr dillakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	442
1602.9012 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	265
1602.9019 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	89
1602.9021 Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.01 - 30.06.02	-	0	442
1602.9022 Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.01 - 30.06.02	-	0	265
1602.9029 Annað	01.07.01 - 30.06.02	-	0	89

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.600 kg
vöruliðir	1602.3XXX	16.600 kg
vöruliðir	1602.4XXX	13.200 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.400 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingihjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.